

# Skagafjarðarveitur ehf

## Fundur 39 ? 18.10. 2004

Mánudaginn 18. október, árið 2004, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Erindi frá Norðurorku hf.
  2. Staða framkvæmda.
  3. Önnur mál
1. Bókun frá Einari Gíslasyni.

### AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Tekið fyrir erindi frá Norðurorku hf. sem verður rætt á sameiginlegum fundi byggðaráðs og veitustjórnar á morgun, þriðjudaginn 19. október kl. 13.00.
2. Páll Pálsson veitustjóri gerði grein fyrir gangi mála á öflum á sjó fyrir Setrið á Eyrinni, en nú um helgina voru lagðir 2/3 hlutar drenlagnar fyrir Sjóveituna. Farið yfir stöðu mála við Kýrholt. Páll sýrði frá því að breytingar yrði á innheimtu um næstu mánaðarmót, hætt yrði að innheimta með A-gíróseðlum og tekin upp innheimta með greiðsluseðlum.
3. Önnur mál.
  1. Einar Gíslason lagði fram eftirfarandi bókun.

Undirritaður lýsir undrun sinni á þeim dylgjum og rógburði Vinstri grænna í Skagafirði að Framsóknarflokkurinn stefni að því að selja Skagafjarðarveitur. Tel ég mig knúinn til að leggja fram bókun vegna þessa.

Þar sem ég er fulltrúi Framsóknarflokksins í stjórn Skagafjarðarveitna fullyrði ég að um ósannindi er að ræða, sem fram kemur í bókun frá félagsfundi Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs í Skagafirði og birt hefur verið í fréttum.

Ég skora á Vinstri græna að gera grein fyrir hvaðan þeir fá þessar upplýsingar eða draga dylgjur sínar til baka á opinberum vettvangi.

Stefna Framsóknarflokksins er skýr, það stendur ekki til og hefur aldrei staðið til að selja fyrirtækið Skagafjarðarveitur ehf.

Í störfum mínum í stjórn Skagafjarðarveitna ehf hef ég lagt áherslu á að efla fyrirtækið og aldrei ljáð máls á því að fyrirtækið verði selt.

Einar Gíslason

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.25  
Sigrún Alda Sighvats (sign.)

Árni Egilsson ritari.

Gísli Árnason (sign.)  
Einar Gíslason (sign.)  
Páll Pálsson (sign.)